

Mánudaginn 12. nóvembermánaðar.

Nr. 27/1894: W. G. Spence Paterson fyrir hönd  
 Eller & Co  
 gegn  
 Sturlu Jónssyni.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 7. júní þ. á. var hinn stefndi kaupmaður Sturla Jónsson í Reykjavík dæmdur til að greiða áfrýjandanum fyrir hönd verzlunarinnar Eller & Co í Manchester skuld út af verzlunarviðskiptum, að upphæð 608 kr. 33 a. með 7% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Sökum þess að ákvæði um fullnæg-ingarfrest og aðfararheimild vantaði í bæjarþingsdóminn, skaut áfrýjandi honum til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. júlí þ. á. og hefir hann krafizt þess að dómurinn verði staðfestur og stefndi skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu, eða eptir mati rjettarins.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, út-gefinni 18. ágúst þ. á., og krafizt þess að hann verði algerlega sýkn dæmdur af öllum kærnum og kröfum Eller & Co. í málinu, og til vara að vextir af skuldinni fyrir tímabilið frá 1. jan. 1893 til sáttakærudags, sem hann álitur ranglega tilfærða, verði dregnir frá skuld-arupphæðinni, og að hún fyrir það verði færð niður í 572 kr. 61 e.

Málið ber með sjer, að stefndi hefir fengið ýmsar vörur til verzlunar sinnar hjá áfrýjandanum Eller & Co. árin 1891 og 1892, og samkvæmt reikningi Ellers, er

lagður hefir verið fram í málinu, ýtarlega sundurliðaður, skuldaði stefndi Eller & Co. í árslok 1891 pd st. 2—2—5

Á árinu 1892 fjekk stefndi síðan vörur

18. jan. fyrir . . . . .	— 26—7—5
og 3. marz fyrir . . . . .	— 14—7—1
og 2. júní eru honum taldar til skuldar vörur, er ætlaðar voru upprunalega öðrum kaupmanni, fyrir . . . . .	— 14—1—6
loks eru vextir til 31. des. 1892 . . . . .	— 0—18—8
	pd st. 57— 17—1

Þar frá dregst andvirðirjúpna, er stefndi

sendi áfrýjanda í febrúar 1892 . . . — 26—0—10

Eptir verða pd st. 31—16—3

eða í dönskum peningum . . . . . kr. 572,63  
sem með 6% vöxtum frá 1. jan. 1893 til

sáttakærudags (23. jan. 1894), eða . . . — 35,70  
gjörir hina dæmdu upphæð . . . . . kr. 608,33

Stefndi hefir haft það á móti reikningi áfrýjanda fyrst og fremst, að hann er þar talinn skulda í árslok 1891 pd st. 2—2—5, og kveðst hann vera viss um, að hann hafi þá verið skuldlaus við áfrýjanda, en með því að hann hefir ekki reynt til, gegn sundurliðuðum reikningi áfrýjanda, að sýna fram á, í hverju atriði reikningur áfrýjanda sje rangur í þessu tilliti, verður þessum mótmælum hans eigi gaumur gefinn. Þarnæst hefir stefndi talið sig „vissan um“, að hafa ekki fengið vörur frá Eller & Co. á árinu 1892 fyrir meira en pd st. 20, en þrátt fyrir áskorun áfrýjanda hefir hann eigi treyst sjer til að koma fram með ákveðnari mótmæli eða útásetningar gegn hinum ýtarlega sundurliðuðu reikningum frá Eller & Co, og verða mótmæli hans því eigi heldur að þessu leyti til greina tekin, og getur það

eigi orðið honum til málsbóta, að hann kveðst eigi geta skýrt nákvæmar frá, hvaða vörur hann hafi fengið frá áfrýjanda, sökum þess að hann sje ekki vanur að geyma reikninga yfir mótteknar vörur og eigi heldur færa slíkar vörur til bókar. Þá neitar stefndi því, að hann hafi fengið vörur þær, er taldar eru honum til skuldar 2. júní 1892 frá Eller & Co, en þegar áfrýjandi út af þeirri neitun skýrði nánar frá, hvernig vörur þessar hefðu komið í hendur stefnda, nefnilega fyrir milligöngu annars manns í umboði Eller & Co, þá mótmælti stefndi eigi þeirri frásögn áfrýjanda, þótt á hann væri skorað um það, og verður því sú skýrsla áfrýjanda að álitast rjett vera, og stefnda að álitast rjettilega færðar til skuldar tjeðar vörur.

Með því að stefndi hefir eigi haldið því fram, að hann hafi borgað meira upp í skuld sína en tilfært er í reikningi áfrýjanda, og með því að vaxtakrafa áfrýjanda álit eiga við almenna venju milli kaupmanna að styðjast, verður þannig að fallast á niðurstöðu þá, er undirdómariinn hefir komizt að, og dæma stefnda skyldan til að greiða áfrýjanda kr. 608,33 ásamt 7% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Að því málskostnað snertir á undirrjettardómurinn að vera óraskaður, en stefnda ber að greiða áfrýjanda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að vera. Stefndi, kaupmaður Sturla Jónsson, greiði áfrýjandanum konsúl W. G. Spence Paterson, fyrir hönd Eller & Co í málskostnað fyrir yfirdómi 20

kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvembermánaðar.

Nr. 44/1894:

Rjettvísín

gegn

Bjarna Siggeirssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Norður-Múlasýslu, gengnum 20. júlí þ. á., var hinn ákærði, Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson á Seyðisfirði samkvæmt 143. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur til að greiða 30 kr. sekt í landssjóð eða sæta 9 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Á safnaðarfundi fyrir Dvergasteinssókn 26. júní 1892 var ákærði kosinn í sóknarnefnd þar og tilkynnti sóknarprestur honum kosninguna brjeflega skömmu síðar. Hinn 7. júlí næst á eptir tjáði sóknarpresturinn honum munnlega, að hann sama dag mundi halda fund með sóknarnefndinni, til að ræða um kirkjugarðinn, sem verið var að koma upp, en ákærði sagðist þá ekki mundu koma á þann fund og ekki gegna neinum sóknarnefndarstörfum. Prestur kvaðst ekki taka slíka munnlega neitun ákærða gilda, og yrði hann að skrifa sjer um undanfærslu sína. Þetta gjörði og ákærði 14. s. m., og lýsti því yfir í brjefi sínu, að hann mundi